

HAFNARFJARÐARBÆR



www.hafnarfjordur.is

14. fundur Starfshóps um deiliskipulag miðbæjar, þann 1. nóv. 2019 í fundarsal Hafnarfjarðarbæjar, Bæjarrással, við Strandgötu kl. 08:30.

Starfshópur.

Ágúst Bjarni Garðarsson, fulltrúi meirihluta og formaður
Lovísa Traustadóttir, fulltrúi meirihluta
Jón Ingi Hákonarson, fulltrúi minnihluta
Kári Eiríksson, fulltrúi íbúa.
Sigríður Margrét Jónsdóttir, fulltrúi fyrirtækja
Guðmundur Bjarni Harðarson, fulltrúi frá Markaðsstofu Hafnarfjarðar

Forföll:

Helga Stefánsdóttir, forstöðumaður Hfj.
Þormóður Sveinsson, skipulagsfulltrúi Hfj.

Með starfshópnum starfa:

Helga Stefánsdóttir, forstöðumaður Hfj.
Þormóður Sveinsson, skipulagsfulltrúi Hfj.
Gunnþóra Guðmundsdóttir, arkitekt Hfj.

Eftirfarandi var tekið fyrir.

Rætt var framhald er varðar vinnu við skýrslu. Nú hafa drög verið til umræðu og frestur til ábendinga og athugasemda er liðinn.

Áhugi er á því að halda íbúafund sem verði hnitmiðaður. Þar verði áherslur skýrslunnar kynntar.

Varpað verði fram stöðu dagsins í dag og hvað verði um miðbæinn ef ekkert verður gert.

Bílastæðamál rædd: núverandi ástand / framtíð og kostnaður vegna almennra stæða.

Fundurinn ætti að koma hugmyndum íbúa á framfæri og þeim gefinn kostur á að fjalla um:

- *Þéttingu byggðar*
- *bílastæði*
- *græn svæði*
- *ásýnd miðbæjar*
- *staðaranda*

Undirbúa þarf fundinn vel með gögnum sem gefa íbúum tækifæri til að tjá sig í máli og myndum. Skoða þarf hvort möguleiki sé á því að fá módel ef miðbænum sem sýnir núverandi byggð og heimildir til uppbyggingar skv. gildandi deiliskipulagi.

Stefnt er að því að halda næsta íbúarfund/opinn vinnufund í Hafnarborg þann 19. nóv. nk.

Fleira var ekki rætt á fundi. Fundi slitið kl.10:10.